



# Fréttabréf

## Sölufélags Austur Húvetninga

1. tölublað 26. árgangur. – Apríl 2005

### Deildarfundir

Melum Hörgárdal  
6. apríl kl. 20:30

Flóðvangi  
13. apríl kl. 13:30

Sjálfstæðishúsinu Blönduósi  
18. apríl kl. 13:30

Félagsheimilinu Húnaveri  
19. apríl kl. 13:30

### Aðalfundur SAH

Aðalfundur SAH verður haldinn í Sjálfstæðishúsinu á Blönduósi fimmtudaginn 27. apríl og hefst hann kl. 13:30.

Dagskrá er samkvæmt samþykktum félagsins. Allir eru velkomnir, en einungis kjörnir fulltrúar hafa atkvæðisrétt á fundinum.

Stjórn SAH.

## Rekstur Sölufélags Austur Húvetninga 2004

Afkoma SAH á árinu 2004 var heldur lakari en árið á undan. Tapið nam 4,3 m.kr. að teknu tilliti til skatta og fjármagnsgjalda.

Velta félagsins jókst úr 636 m.kr. í 714 m.kr. og umtalsverð lækkun náðist fram á fjármagnsgjöldum. Afskriftir fastafjármuna eru um 19,7 m.kr. og fjárfestingar í fasta-fjármunum voru um 27 m.kr.

Svo sem betur verður gerð grein fyrir á deildarfundum og aðalfundi félagsins helgast verri

afkoma af nokkrum samverkandi þáttum. Má þar nefna óhagstæða genginsskráningu og aukna viðhalds- og endurnýjunarþörf véla og tækja.

Þetta er ekki sú niðurstaða sem stjórn og starfsmenn félagsins hafa stefnt að, en verður þó að teljast ásættanleg í ljósi þess ástands sem ríkt hefur á kjötmarkaði.

Þó svo að verð til bændu fyrir dilkakjöt hafi hækkað nokkuð síðastliðið haust náðist sú verðhækkun ekki fram á

markaði fyrr en nokkru seinna og á það sinn hlut í slakari afkomu.

Mikil áhersla er lögð á endurnýjun og viðhald tækja og fasteigna félagsins. Sér þess stað í afkomu þess, en á hitt ber að líta að reglubundin endurnýjun og viðhald er nauðsynlegur þáttur svo tryggja megi vöxt og viðgang félagsins til framtíðar.

Rekstraráætlun ársins 2005 gerir ráð fyrir hallalausum rekstri og munu starfsmenn gera sitt ítrasta til að svo verði.

## Markaðsmál dilkakjöts

Kjötsala hefur aukist undanfarna mánuði. Mikil auking er í sölu dilkakjöts, eða um 15% á ársgrundvelli. Þetta er miklu meiri sala en gert var ráð fyrir. Er nú svo komið að líkur eru á að einstaka skrokkhlutar verði vandfengnir um mitt sumar, s.s. dilkahryggir.

Um 2.7% samdráttur varð í framleiðslu síðastliðið haust, en það ásamt mikilli söluaukningu hefur leitt til birgðaminnkunar. Því eru bændur hvattir til að auka ásetning, því að til framtíðar eykur það framleiðslu, en einnig að draga úr slátrun fullorðins fjár til að mæta auknum ásetningi. Þrátt fyrir að

eftirspurn fari vaxandi er staða sláturleyfishafa og kjötvinnslu til að hækka verð á lambakjöti mjög erfið. Í sumum tilvikum eru seljendur bundnir í fasta samninga til lengri tíma. Því er mikilvægt að verðhækkningar til bændu taki mið af þeim verðhækkunum sem vænta má að markaðurinn geti borið.

## Útflutningsskylda og álagsgreiðslur

Vika	Útfl. skylda
- 35	1/3 af fullri
36 - 37	2/3 af fullri
38 - 47	3/3 af fullri
48 -	1/3 af fullri

Vika	Álagsgreiðsla
23-28	1.150 kr. pr. dilk
29	1.050 kr. pr. dilk
30	950 kr. pr. dilk
31	850 kr. pr. dilk
32	750 kr. pr. dilk
33	550 kr. pr. dilk
34	425 kr. pr. dilk
35	225 kr. pr. dilk
36	125 kr. pr. dilk

Útflutningsskylda lækkar verulega á komandi hausti. Á fundi Markaðsráðs dilkakjöts sem haldinn var þann 29. mars sl. var samþykkt að útflutningsskylda yrði þrepuð eins og sýnt er í tölfunni hér til hliðar.

Hver útflutningsskyldan verður er enn óákveðið, en sennilegt má telja að hún geti orðið í kring um 15-18% þegar hún er hæst. Ef útflutningsskyldan verður ákveðin öllu lægri

er hætta á að mikilvægir erlendir markaðir tapist til framtíðar og þar með væri kastað á glæ margra ára starfi við markaðsöflun og markaðssetningu íslensks lambakjöts á erlendri grund.

Álagsgreiðslur frá Markaðsráði voru hækkaðar frá því sem var á síðasta sumri. Nemur hækkingin um 5% að jafnaði, breytilegt eftir vikum.

## Vélasalur

Gengið hefur verið til samninga við Kælismiðjuna Frost um endurnýjun tækja í vélasal SAH. Verkinu lýkur fyrir sumarið. Meðal þess sem verður endurnýjað er glykolkerfi og safnkútar og sett verður upp s.k. dælukerfi. Núverandi búnaður er kominn til ára sinna og ljóst að rekstraröryggi eykst með mikið með þessari endurnýjun.

## Verðlagsmál dilkakjöts

Verð á dilkakjöti hefur verið of lágt undanfarin misseri, um það eru bæði bændur og sláturleyfishafar sammála.

Til að unt sé að ná viðunandi afkomu í greininni þarf verð til bænda og þar af leiðandi einnig til sláturleyfishafa að hækka. Verðbilið á milli útflutningskjöts og

kjöts á innanlandsmarkað minnkar. Það ásamt lægri útflutningsskyldu bætir afkomu sauðfjárbænda.

Verð fyrir dilkakjöt á á innanlandsmarkað lækkar einnig, þó enn sé óvíst hversu mikil sú lækkun getur orðið. Mjög mikilvægt er að samstaða náist milli sláturleyfishafa og bænda

um verð á komandi hausti. Báðir aðilar hafa lýst yfir vilja til þess að skoða málið saman og gera sitt besta til að ná sameiginlegri niðurstöðu. Sláturleyfishöfum er vel ljóst að sauðfjárbændur þurfa á verðhækkun að halda, en gæta þarf þess að hækka verð ekki það mikið að markaður tapist til framtíðar.

Mjög mikilvægt er að samstaða náist milli sláturleyfishafa og sauðfjárbænda um verð á komandi hausti

## Samningur um flutning sauðfjár

Í samræmi við ákvörðun stjórnar SAH hefur verið gengið frá samningi um fjárflutninga að sláturhúsi SAH. Samið var við sömu aðila og séð hafa um þetta verk undanfarin ár. Afföll lamba í flutningi hjá SAH eru með því lægsta sem þekktist og þjónusta hefur líkað vel.

Kjör þau sem SAH fær eru fyllilega sambærileg við þau kjör sem aðrir sláturleyfishafar njóta.

Rétt er að taka fram að engin breyting er á því að bændum er að sjálfsögðu heimilt að flytja sláturfé sitt sjálfir að sláturhúsi og skila því í sláturrétt.

## Nautgripir

Lítið framboð er af nautgripum og líkur á að nautgripi vanti til slátrunar í vor og sumar. Það er áhyggjuefni hversu mjög framboð hefur dregist saman, þrátt fyrir að verð hafi ekki verið hærra síðan í upphafi árs 2000.

